

## **Leiðbeiningar Vinnueftirlits ríkisins um sprengiefnageymslur í flokki 1 og 2 sbr. 13. gr. reglugerðar nr. 684/1999 um sprengiefni.**

Vinnueftirlit ríkisins gerir eftirfarandi lágmarkskröfur varðandi sprengiefnageymslur í flokki 1 og 2. Að öðru leyti vísast í reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni.

### **Sprengiefnageymslur í flokki 1.**

Sprengiefnakistur og sprengiefnaskápar skulu viðurkenndar af Vinnueftirlitinu. Merkja skal sprengiefnakistur og sprengiefnaskápar með viðeigandi merkingum. Ekki má nota sprengiefnakistur eða sprengiefnaskápa til geymslu á öðru en sprengiefni.

### **Sprengiefnageymslur í flokki 2.**

Eftirfarandi lágmarkskröfur eru gerðar til stálgáma sem sprengiefnageymsla í flokki 2:

1. Gámurinn skal vera viðurkenndur af Vinnueftirliti ríkisins og merktur með skráningarnúmeri þess.
2. Viðeigandi varúðarmerkingar skulu vera á gámnum.
3. Gámhurðinni skal læst með a.m.k. einum sýlinderlás í ekki lægra flokki en 1. Slagbrandur sem er a.m.k. 60 x 10 mm skal vera þannig útbúinn að hann loki skrárgati lásin og skal læsa honum með hengilás í ekki lægra flokki en 3 með búnaði sem hylur baulu hans. Slagbrandurinn skal leggjast það þétt að hurðinni að ekki sé hægt að koma spennijárni á milli. Ef hurðir eru tvær samliggjandi skal loka annarri innanfrá.
4. Plötuþykkleiki gólfs, veggja og þaks skal vera a.m.k 5 mm og allar suður skulu vera samfelldar/heilar. Hurð skal hafa a.m.k 5 mm plötuþykkt. Hjarir skulu vera að innanverðu en að öðrum kosti skal hurðin við lokun falla inn fyrir hök eða í grópir þannig að ekki sé hægt að opna hana með því að taka hjarir í sundur.
5. Gólf og veggir skulu klæddir með föstum þilplötum úr tré eða álíka efni.
6. Gáminn skal loftræsta í gegnum þar til gerð loftræstiop (4 opum á sitt hvorum langvegg).
7. Ekki má geyma sprengiefni og hvellhettur/sprengiþræði í sama gámi. Fjarlægðin á milli gáms með sprengiefni og gáms með hvellhettum/sprengiþræði skal vera a.m.k. 1 m..
8. Gámurinn skal vera jarðtengdur til að koma í veg fyrir stöðurafmagn.
9. Að öðru leyti skal gámurinn uppfylla ISO-staðal 1496.

14. 08.2003

Víðir Kristjánsson